

sætt·a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– ég sætti mig ekki við þessi
málalok

‡ » róa (so vb), stilla

styrk·ur *kk. – dalur*
[-s, -ir]

– þau fengu styrk til verkefnisins

‡ styrkr » kraftur

pláss *hk. – hús*
[-, -]

– það er ekki pláss í bílnum

‡ pláz

strang·ur *lo. – gulur* *Ö*
[ströng, -t, -ari, -astur]

– hann er með strangan kennara

‡ strangr

hrökkva *so. sb.-3 – drekka*
[hrökk, hrukkum, hrokkið]

– ég hrökk við þegar síminn
hringdi

‡ hrökkva

gröf *kvk. – mynd* *Ö*
[grafar, grafir]

– reykingarnar eru að fara með
hann í gröfina

‡ grpf • grafa

aðstoð *kvk. et. – mynd*
[-ar]

– takk fyrir aðstoðina!

• standa; staða, afstaða, aðstaða/aðstæður,
niðurstaða » hjálp

breytt·ur *lo. – gulur*
[-, -; -ari, -astur]

– hún er breytt eftir klippinguna

• breyta, breyting « óbreyttur

tilheyr·a *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– garðurinn tilheyrir húsinu

‡ • til, heyra

aðferð *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– þetta er góð aðferð til að læra

‡ atferð • að, ferð, meðferð, fara

braut *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– ég bý á Hringbraut

‡ » vegur, gata

rang·ur *lo. – gulur* *Ö*
[röng, -t; rangari, rangastur]

– þetta er því miður rangt svar

‡ rangr

stökkva *so. sb.-3 – drekka*
[stökk, stukkum, stokkið]

– hundurinn stökk eftir boltanum

‡ stökkva • springa

helg·i *kvk. – nál*
[-ar, -ar]

– góða helgi!

stærð *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hvaða stærð notarðu af skóm?

‡ • stækka, stór

skáld *hk. – hús*
[-s, -]

– skáldið las tvö ljóð

‡